






GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

- Skýringar
- Sveitarfélagamörk
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði
 - lðnaðarsvæði
 - Opín svæði
 - Skógræktar- og landgræðslusvæði
 - Vötn, ár og sjór
 - Íþróttasvæði
 - Landbúnaðarsvæði
 - Efnistöku- og efnislosunarsvæði
 - Strandsvæði
 - Þéttbýlismörk
 - Hverfisvernd
 - Náttúruvú
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði
 - Efnistöku- og efnislosunarsvæði
 - Veitur, rafstrengur í jörð
 - Stofnvegur eða stofnbraut
 - Tengivegur eða tengibraut
 - Aðrir vegir og götur
 - Göngu- og/eða hjóleið
 - Reiðleið
 - Varnargarður
 - Svæði sem breytist



Greinargerð

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Í Eyrbakkafjöru hefur verið tekið efni á tveimur stöðum undanfarin ár. Aðeins annar staðurinn er á aðalskipulagi. Gerð er breyting á aðalskipulagi þannig að bætt er við öðrum punkti fyrir efnistökusvæðið E2. Heildarstærð efnistökusvæðis verður áfram 4 ha og heimil efnistaka á 160 þús. m³.

Undanfarin ár hefur efni verið tekið á báðum þessum stöðum, um 10 þús. m³ á ári. Sveitarfélagið vill að landnotkun í aðalskipulagi sé í samræmi við raunverulega nýtingu landsins og að hægt verði að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir námuna. Rúmir 600 m eru á milli efnistökuastaðanna og nota þeir sömu aðkomu af Eyrbakkavegi.

Efnistakan er innan svæðis þar sem flóða getur gætt og sjávarstraumar sjá til þess að stöðugt bætist efni í námurnar í stað þess sem er tekið. Efnistaka í námunum fellur undir lið 2.02 í viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður send fyrirspurn til HMS um hvort efnistakan skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stefna í gildandi aðalskipulagi fyrir E2:

NR	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
E2	Óseyrarnes	4	Sandnáma. Sandburður Ölfusár og sjávarstraumar gera námuna sjálfbæra því stöðugt berst sandur í hana í stað þess sem tekið er. Alls eru heimildir fyrir efnistöku á 160.000 m ³ .

Stefna í breyttu aðalskipulagi fyrir E2:

NR	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
E2	Óseyrarnes	4	Sandnáma á tveimur stöðum. Sandburður Ölfusár og sjávarstraumar gera námuna sjálfbæra því stöðugt berst sandur í hana í stað þess sem tekið er. Alls eru heimildir fyrir efnistöku á 160.000 m ³ .

Umhverfisáhrif

Áhrif af breytingunni eru metin jákvæð að því leyti að bæði svæðin verða skilgreind sem efnistökusvæði í aðalskipulagi. Efnistakan verður í um 670 m fjarlægð frá Eyrbakka og því ættu íbúar ekki að verða fyrir ónæði vegna hennar. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru óveruleg.

Aðalskipulagsbreytingin hlaut málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.

Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af bæjarstjórn _____

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS _____

Skipulagsgögn:

Uppdráttur þessi með greinargerð.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036
Breyting á efnistökusvæði E2



Verk: 115402 Blaðstærð: A3 Unnið: IS Rýnt: MMR

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 17.08.2026 Breytt:

